

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um innsiglan áfengis á skipum. **45**

28. febr.

Þjer hafið, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 24. desbr. f. á., skýrt frá því, að á fólksflutningaskipum komi það oft fyrir, að óáfeng drykkjarföng sjeu geymd í sama klefa og áfengi skipsins. Þegar svo sje ástatt og innsiglaður hafi verið klefi, þar sem í eru geymd bæði áfeng og óáfeng drykkjarföng, og skipið síðan komi inn á höfn þar sem lögreglustjóri býr, spyrjist þjer fyrir um:

1. Hvort lögreglustjóra beri skylda til, eða hvort honum sje heimilt eftir ósk skipstjóra, að brjóta innsiglin og ná út óáfengum drykkjarföngum.

2. Ef svo verði álitíð, hvort þá megi um leið láta skipstjóra fá áfengi handa skipshöfninni, ef hann telji sig vanta það, og

3. Hvort landssjóður eigi ekki að sjálfsögðu að greiða kostnað þann, er leiðir af innsiglan áfengis á skipum, og hvað lögreglustjóri eða umboðsmaður hans megi reikna sjer fyrir þau ómök.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, yður til leiðbeiningar:

Ad 1. Lögreglustjóra verður að álitast heimilt að brjóta innsigli annars lögreglustjóra til þess, eftir beiðni skipstjóra, að ná út óáfengum drykkjum, en þá verður hann að setja sín innsigli fyrir geymsluna aftur.

Ad 2. Einnig verður að álíta, að lögreglustjóra sje heimilt að brjóta innsigli annars lögreglustjóra til þess, eftir beiðni skipstjóra, að ná út hæfilegum skipsforða af áfengi til næstu hafnar eða lögsagnarumdæmis, en að sjálfsögðu ber lögreglustjóra, að afhendingunni lokinni, að setja innsigli sín fyrir áfengisbirgðirnar, sem eftir eru.

Ad 3. Þegar innsigli eru brotin samkvæmt framansögðu, og áfeng eða óáfeng drykkjarföng tekin út eftir beiðni skipstjóra, þá virðist skipstjóri eiga að greiða lögreglustjóra hæfilega þóknun fyrir starf hans, nema svo standi á, að lögreglustjóri á fyrstu eða fyrri höfn hafi veitt svo lítinn forða til næstu hafnar, að fyrirsjáanlegt var, að forðinn hvergi nærri mundi hrökkva, þá mundi landsjóður verða að greiða kostnaðinn, ef kæra kæmi fram þar að lútandi.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjardarsýslu um endurgreiðslu á veittum fátækrastyrk. **46**

29. febr.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 12. maí f. á., er ákveður, að Leirá- og Melahreppur skuli vera laus við að endurgreiða Reykjavíkurkaupstað nokkuð af 148 kr. fátækrastyrk, veittum Sesselju nokkurri Magnúsdóttur.

17. dag aprilmánaðar 1916.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.

46 Hinn 27. maí 1911 var stúlku þessari, sem þá átti 2 óskilgetin börn og 29. febr. gekk með hið þriðja, veittur 25 kr. fátækrastrykur í Reykjavík, eftir að æfiferilsskýrsla hafði verið af henni tekin og aðsjónargjörð gjörð hjá henni af tveim fátækrafulltrúum. Styrkveitingu þessa tilkynti borgarstjóri sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með brjefi 30. s. m. til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Leirár- og Melahrepps, sem eftir æfiferilsskýrslunni virtist vera framfærsluhreppur hennar, og sendi framannefnda æfiferilsskýrslu og umsjónargjörð með brjefinu. Sýslumaðurinn tilkynti þetta þó ekki hreppsnefndinni, heldur endursendi borgarstjóra með brjefi 7. júní s. á. æfiferilsskýrsluna og beiddi um, að hún yrði leiðrjett. Borgarstjóri skrifaði bæjarfógetanum í Reykjavík síðan 30. s. m. og beiddi hann að taka nýja æfiferilsskýrslu af stúlkunni, og heldur bæjarfógeti því fram, að skýrslan hafi verið tekin og afhent borgarstjóra þótt hún hafi síðar ekki fundist. Var málinu svo ekki hreyft við nefndan sýslumann eða Leirár- og Melahrepp fyr en að borgarstjóri með brjefi, dags. 30. nóv. 1914, sendir sýslumanni reikning yfir nefndan 25 kr. styrk og auk þess yfir samtals 123 kr. styrk, sem stúlkunni hafði verið veittur í Reykjavík á tímabilinu frá 15. júní til 4. sept. 1911, svo og nýja æfiferilsskýrslu, tekna af stúlkunni 25. nóv. 1914, og krefst þess, að framfærslusveitin endurgreiði $\frac{2}{3}$ af styrkveitingunni, eða 98 kr. 67 au. Þá fyrst berst þetta mál til hreppsnefndar Leirár- og Melahrepps, og viðurkennir hún að visu, að nefnd stúlka hafi verið sveitlæg þar í hreppi 1911, en neitar að greiða neitt af styrknum, sem ekki sje krafð endurgjalds á samkvæmt reglum fátækralaganna. Á þetta er fallist í framangreindum úrskurði, en hinsvegar rjettilega ekki á þá staðhæfingu hreppsnefndarinnar, að stúlkuna muni þá (1914) bera að telja sveitlæga orðna í Reykjavík vegna 10 ára dvalar þar.

Stjórnarráðið verður nú að telja, að 25 kr. styrkurinn 27. maí 1911 sje löglega veittur og tilkyntur af hálfu Reykjavíkurkaupstaðar og að hann eigi ekki að liða skaða við það, að sýslumaður tilkynti hann þá ekki framfærslusveitinni eins og vera hefði átt, og að kaupstaðurinn því eigi heimting á að fá þann hluta styrksins endurgreiddan af framfærslusveitinni að $\frac{2}{3}$ hlutum. Hinsvegar verður að telja, að svo óhæfilega langur dráttur hafi orðið á tilkynningunni á hinum styrkveitingunum, er gat bakað framfærslusveitinni skaða, meðal annars varnað henni frá að leita framfærslueyris með hinum óskilgetnu börnum þurfa-
lingsins (þau voru orðin 4, er æfiferilsskýrslan 25. nóv. 1914 var tekin) frá barns-
feðrunum, að kaupstaðurinn hafi fyrirgjört endurgjaldsrjetti á þeim styrkveitingum.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að Leirár- og Melahreppur skuli endurgreiða Reykjavíkurkaupstað 16 kr. 67 au., en að öðru leyti vera laus við kröfur kaupstaðarins í þessu máli.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Leirár- og Melahrepps.